

TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata

Tillaga um tilraunaverkefni vegna funda skóla- og frístundaráðs

Lagt er til að skóla- og frístundaráð samþykki að hefja tilraunaverkefni þar sem fundir skóla- og frístundaráðs verða tileinkaðir málaflokkunum leikskólamál, grunnskóla- og frístundamál og sameiginleg mál. Fundir skóla- og frístundaráðs verða jafnframt færðir á 2. og 4. mánudag í hverjum mánuði. Þegar leikskólamál eru til umfjöllunar er gert ráð fyrir að áheyrnarfulltrúar leikskólastjóra, starfsfólks í leikskólum og foreldra barna í leikskólum taki sæti. Þegar grunnskóla- og frístundamál eru til umfjöllunar er gert ráð fyrir að áheyrnarfulltrúar skólastjóra, kennara, foreldra barna í grunnskólum, framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva og Reykjavíkurráðs ungmenna taki sæti. Þegar sameiginleg mál eru á dagskrá skulu allir áheyrnarfulltrúar taka sæti á fundi. Tilraunaverkefnið standi yfir frá 1. apríl – 31. desember 2023 og að því tímabili loknu skal meta reynsluna og taka ákvörðun um það hvort festa beri fyrirkomulag þetta í sessi til frambúðar.

Greinargerð:

Skóla- og frístundasvið hefur haft til skoðunar leiðir til að einfalda, skýra og stuðla að markvissari umræðu á vettvangi skóla- og frístundaráðs. Í gildandi samþykkt skóla- og frístundaráðs er nú þegar gert ráð fyrir því að formaður ráðsins ákveði fyrirkomulag á dagskrá fundanna en ákveðið hefur verið að leggja til að ráðið ákveði í sameiningu ákveðið fyrirkomulag á efnistökm fundu næstu misseri.

Í tillögunni er gert ráð fyrir því að á reglulegum fundum ráðsins verði ákveðið fyrirfram hvaða málaflokkar verða í kastljósinu. Er vonast til þess að það geti gert alla umræðu markvissari og einfaldað ákvarðanatöku. Breytingin getur jafnframt haft þau áhrif að bæta tímastjórnun starfsfólks og embættismanna sem þurfa að undirbúa mál og kynningar fyrir ráði.

Verði tillagan samþykkt mun það einnig hafa þau áhrif að áheyrnarfulltrúum verður gert kleift að sitja fundi þar sem einungis er fjallað um þau málefni sem þeim er gert að fylgja, til samræmis við áskilnað laga um leik- og grunnskóla.

Jafnframt er lagt til að fundir skóla- og frístundaráðs verði færðir á 2. og 4. mánudag í mánuði m.a. til að koma til móts við óskir kjörinna fulltrúa um rýmri undirbúningstíma fyrir borgarstjórnarfundi sem hingað til hafa verið í sömu viku og fundir skóla- og frístundaráðs.